

# STJÓRNARTÍÐINDI B 35 — 1987

---

---

15. júlí 1987

649

Nr. 334

## REGLUGERÐ

um bann við togveiðum út af Austfjörðum.

1. gr.

Frá og með 18. júlí eru allar togveiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði, sem markast af eftirfarandi punktum:

1. 64°46'99 N — 12°43'66 V
2. 64°45'11 N — 12°15'03 V
3. 64°22'75 N — 12°39'25 V
4. 64°21'05 N — 12°49'30 V
5. 64°16'51 N — 13°14'17 V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast gildi 18. júlí 1987 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 191 6. maí 1987 um bann við togveiðum á Breiðdalsgrunni og reglugerð nr. 199 18. maí 1987 um bann við togveiðum út af Hvalbak.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 15. júlí 1987.*

F.h.r.

**Árni Kolbeinsson.**

*Jón B. Jónasson.*